



# ÖRYGGISBLAÐ

skv. reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og 453/2010

Útgáfa: 7

Dagsetning: 29. maí 2015

## 1. AUÐKENNING EFNISINS/BLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS/FYRIRTÆKISINS

1.1. Vörukenni **DEVANTOL SUPER**

1.2. Tilgreind notkun Forþvottur. Hreinsiefni.

1.3. Söluaðili Olíuverzlun Íslands hf.  
Katrínartúni 2  
105 Reykjavík  
Sími: 515 1000

Netfang: [olis@olis.is](mailto:olis@olis.is)

Veffang: [www.olis.is](http://www.olis.is)

1.4. Neyðarsímanúmer  
Neyðarlínan: 112  
Eitrunarmiðstöð LSH: 543 2222

## 2. HÆTTUGREINING

### 2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar samkvæmt reglugerð (EB) 1272/2008

Flokkun Bráð eit. 4; H302  
Húðert. 2; H315  
Augnsk. 1; H318

2.2. Merkingaratriði  
Hættumerki



Viðvörðunarorð  
Hættusetningar

Hætta  
H302 – Hættulegt við inntöku.  
H315 – Veldur húðertingu.  
H318 – Veldur alvarlegum augnskaða.

Varnaðarsetningar

P280 – Notið hlífðarhanska/augnhlífur/andlitshlífur.  
P301+P312 – EFTIR INNTÖKU: Hringið í EITRUNARMIÐSTÖÐ eða lækni ef lasleika verður vart.  
P302+P352 – BERIST EFNID Á HÚÐ: Þvoið með mikilli sápu og vatni.  
P305+P351+P338 – BERIST EFNID Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.  
P310 – Hringið umsvifalaust í EITRUNARMIÐSTÖÐ eða lækni.

Hættuleg merkingarskyld efni

Efni Bensensúlfonsýra, alkýlafleiður, natríumsölt.

PBT/vPvB-mat Efnið inniheldur hvorki PBT- né vPvB-efni.

## 3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

### 3.2 Blanda

Efni	Efnakenni	Styrkur%	Flokkun
Bensensúlfonsýra, alkýlafleiður, natríumsölt	CAS# 68411-30-3 EINECS# 270-115-0 REACH# 01-2119489428	10-25	Bráð eit. 4, H302 Húðert. 2; H315 Augnsk. 1; H318 Langv. eit. á vatn. 3; H412
Kókóamíð, N,N-bis(hýdroxyetyl)	CAS# 68603-42-9 EINECS# 271-657-0	10-25	Húðert. 2; H315 Augnert. 2; H319
2-(2-bútoxyetoxý)-etanól	CAS# 112-34-5 EINECS# 203-961-6 REACH# 01-2119475104-44	1-10	Augnert. 2; H319

Ísótrídekanól, etoxýlerað	CAS# 69011-36-5 EINECS# 500-241-6	1-10	Augnsk. 1; H318 Langv. eit. á vatn. 3; H412
2,2'ímíndíetanól	CAS# 111-42-2 EINECS# 203-868-0 REACH# 01-2119488930-28	1-10	Bráð eit. 4; H302 Húðert. 2; H315 Augnsk. 1; H318
Súlfonsýrur, C13-17-sek-alkan, natriúmsölt	CAS# 97489-15-1 EINECS# 307-055-2	1-10	Bráð eit. 4; H302 Húðert. 2; H315 Augnsk. 1; H318
Dókusatnatríum	CAS# 577-11-7 EINECS# 209-406-4 REACH# 01-2119491296-29	1-10	Húðert. 2; H315 Augnsk. 1; H318
(2-hýdroxýetýl)-metýlbis[2-(óleóýloxý)etýl]-ammóníummetýlsúlfat	CAS# 97338-06-2 EINECS# 306-600-1	1-10	Húðert. 2; H315

Hættusetningar eru skráðar í 16. lið.

#### 4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHJÁLP

##### 4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi

**Eftir innöndun** Tryggið viðkomandi ferskt loft. Leitið lækni ef einkenna verður vart.  
**Eftir snertingu við augu** Skolið vandlega með miklu vatni eða augnhreinsilausn. Leitið lækni strax.  
**Eftir snertingu við húð** Þvoið húðina strax með með vatni og sápu.  
**Eftir inntöku** Skolið munninn og gefið mikið vatn að drekka. Leitið lækni strax.

##### 4.2. Helstu einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin

**Einkenni og áhrif** Engar upplýsingar.

##### 4.3. Merki um þörf á bráðri lækniþjónustu eða sérstakri meðhöndlun

**Sérstök meðhöndlun** Engar upplýsingar.

#### 5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA

##### 5.1. Slökkvibúnaður

**Viðeigandi** Koltvísýringur, slökkviduft, vatnsúði.

##### 5.2. Sérstök hættu af blöndunni

**Sérstök hættu** Upphitun myndar þrýsting á umbúðir með hættu á sprengingu.

##### 5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

**Ráðgjöf** Kælið nálæg ílát með vatnsúða.

#### 6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

##### 6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk

**Öryggisráðstafanir** Myndar hálfu á yfirborði. Notið persónuhlífar.

##### 6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

**Ráðstafanir** Varist að berist í niðurföll eða vatnsfarveg.

##### 6.3. Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

**Aðferðir** Safnið leka með ídrægu efni (s.s. sandi, kísilgúr, alhliða bindiefnum).  
Sjá 13. lið fyrir upplýsingar um aðferðir við förgun.

##### 6.4. Tilvísun í aðra liði

**Aðrir liðir** Sjá 7. og 8. lið fyrir upplýsingar um varúðarráðstafanir og váhrifavarnir.

#### 7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

##### 7.1. Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

**Meðhöndlun** Almennar ráðstafanir við meðhöndlun efna.

##### 7.2. Örugg geymsluskilyrði, einnig m.t.t. ósamrýmaleika

**Geymsla** Tómar umbúðir geta innihaldið leifar af efninu. Meðhöndlið með varúð. Endurnýtið aðeins eftir vandlega hreinsun. Umbúðir sem hafa verið opnaðar skal loka aftur og geyma í uppréttri stöðu til að hindra leka.

##### 7.3. Sérstök notkun

**Sérstök notkun** Engar upplýsingar.

#### 8. VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

##### 8.2. Váhrifavarnir

**Almennt** Almennar varúðarráðstafanir við meðhöndlun efna.

**Til hlífðar öndun** Ekki þörf.

**Húð og líkami** Almennur hlífðarfatnaður í efnaiðnaði.

**Til hlífðar höndum** Efnaþolnir hanskar. Viðeigandi efni: Nítríl. Gegnþrengingartími: 480 mín.

**Til hlífðar augum** Þétt öryggisgleraugu.

## 9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

### 9.1 Upplýsingar um helstu eðlis- og efnafræðilega eiginleika

Eðlisástand	Vökvi.
Litur	Gulleitt
Lykt	Einkennandi
pH-gildi	6,8-8,2
Blossamark	>100°C
Eðlisþyngd	1,0 kg/l
Vatnsleysni	Vatnsleysanlegt.
Seigja	U.þ.b. 20 s. Aðferð: DIN 53211 4 mm

## 10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

### 10.1. Hvarfgirni

Hvarfgirni Engin skaðleg hvörf við ráðlagða notkun og geymslu.

### 10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki

Stöðugleiki Stöðugt.

### 10.3. Hætta á skaðlegum efnahvörfum

Efnahvörf Engin skaðleg hvörf við ráðlagða notkun og geymslu.

### 10.4. Skilyrði sem ber að varast

Skilyrði Verjið fyrir hita og beinu sólarljósi.

### 10.5. Ósamrýmanleg efni

Efni Engin þekkt.

### 10.6. Skaðleg niðurbrotsefni

Niðurbrotsefni Engin skaðleg niðurbrotsefni þekkt.

## 11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

### 11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Inntaka (ATE – áætlað gildi)	1717 mg/kg.
Húðæting/-erting	Ertir húð og slímhúð.
Augnæting/-erting	Hætta á alvarlegum augnskaða.

## 12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

### 12.1. Eiturhrif

Eiturhrif á vatnalíf Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

### 12.2. Þrávirgni og niðurbrotsefni

Lífbrjótanleiki Yfirborðsvirku efnin í blöndunni standast kröfur um lífbrjótanleika samkvæmt reglugerð (EB) nr. 648/2004 um hreinsiefni.

### 12.3. Uppsöfnun í lífverum

Uppsöfnun Engin gögn.

### 12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi

Hreyfanleiki Engin gögn.

### 12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB eiginleikum

Mat Inniheldur hvorki PBT- eða vPvB-efni.

### 12.6. Aðrar upplýsingar

Hegðun í holræsum Engin gögn.

## 13. ATRÍÐI VARÐANDI FÖRGUN

### 13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Förgun vörunnar	Úrgangskóði fyrir vöruna er fundinn út í samráði við yfirvöld á staðnum.
Förgun umbúða	Galtæmdar umbúðir má endurnýta.

## 14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING

Heyrir ekki undir alþjóðlegar reglur um flutninga á hættulegum efnum.

## 15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

### 15.1. Sértek löggjöf

#### 15.1.1. ESB-reglur

- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), með síðari breytingum.
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna, með síðari breytingum.

### 15.1.2. Íslenskar reglur

- Reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- Reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

### 15.1.3. Aðrar upplýsingar

**Innhald rokjarnra efna** 0,9%

### 15.2. Efnaöryggismat

**Mat** Efnaöryggismat hefur ekki verið gert fyrir efnið.

## 16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

<b>Hættusetningar</b>	H302 – Hættulegt við inntöku. H315 – Veldur húðertingu. H318 – Veldur alvarlegum augnskaða. H319 – Veldur alvarlegri augnertingu. H373 – Getur skaðað líffæri við langvarandi eða endurtekna snertingu. H412 – Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.
<b>Skammstafanir</b>	<b>ADN:</b> Reglur um flutning hættulegra efna á skipgengum vatnaleiðum. Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum. <b>ADR:</b> Reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum . Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum. <b>DNEL:</b> Viðmiðunarmörk fyrir váhrif. <b>IMDG:</b> Alþjóðlegur kóði um siglingu með hættulegan varning. <b>PBT:</b> Þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð. <b>PNEC:</b> Styrkur þar sem engin váhrif eru fyrirsjáanleg. <b>REACH:</b> Skráning, mat, leyfisveiting og takmarkanir að því er varðar efni. <b>TWA:</b> Tímavegið meðaltal. <b>vPvB:</b> Mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli. <b>STOT RE:</b> Sértek eiturrif á marklíffæri, endurtekin váhrif. <b>STOT SE:</b> Sértek eiturrif á marklíffæri, váhrif í eitt skipti. <b>LC50:</b> Miðgildisbanastyrkur. <b>LD50:</b> Miðgildisbanaskammtur.

Upplýsingarnar á þessu blaði eru, samkvæmt okkar bestu vitneskju, réttar og tæmandi á útgáfudegi. Þær eiga aðeins við um vöruna sem þær lýsa, en ætti ekki að túlka sem tryggingu fyrir tilteknum eiginleikum hennar. Ef varan er notuð með öðru efni eða í öðrum tilgangi en tilgreindur er, gæti verið að upplýsingarnar ættu ekki lengur við. Það er á ábyrgð notanda vörunnar að leggja mat á gildi og ítarleika upplýsinganna í ljósi notkunar sinnar. Engin ábyrgð er tekin á missi eða tjóni vegna notkunar þessara upplýsinga.

<b>Endurskoðun</b>	29. maí 2015.
<b>Útgáfa</b>	7
<b>Gert þann</b>	17. maí 2017.
<b>Þýðing og uppsetning</b>	Reynir Hjálmarsson
<b>Heimild</b>	Buefa Reinigungssysteme GmbH & Co., <a href="mailto:produktsicherheit-rs@buefa.de">produktsicherheit-rs@buefa.de</a>

